

Ed.

188. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 frá 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, og á lögum nr. 26 frá 12. febr. 1940, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

a. 8. gr. laganna skal orða svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið um möskvastærð dragnóta og lengd dráttarlína, svo og um lágmarksstærð þess fisks, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi.

b. Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru refsingar lagðar við í 3. og 4. gr. laganna, varða sektum frá 100—5000 kr.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.